

Fréttabréf Sjálfstæðisflokksins

22. mars 2024

D



Ný tækifæri fyrir Ísland með fríverslunarsamningi við Indland

Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins og utanríkisráðherra undirritaði fyrr í mánuðunum fyrir hönd Íslands fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna við Indland. Er það fyrsti fríverslunarsamningur milli Indlands og Evrópuríkja. Um stórmerkilegan samning er að ræða sem hefur mikla þýðingu fyrir EFTA-ríkin.

„Bæði í þeim tilgangi að ná samningum við vaxandi hagkerfi en eins eru EFTA-ríkin að tengja sig við það svæði í heiminum sem er að vaxa hvað örst og hér eru gríðarleg áform uppi til næstu áratuga um áframhaldandi hagvöxt til að auka kaupmátt og lífsgæði landsmanna sem eru ekki fáir, þeir eru meira en helmingi fleiri en allir Evrópubúar,“ segir Bjarni.

[Sjá nánar hér](#)



Ríkisfyrirtæki á ekki að kaupa tryggingafélag

„Ríkisfyrirtæki á ekki að kaupa tryggingafélag. Ríkið á að losa um tugi milljarða og umbreyta þeim í samfélagslega innviði sem almenningur nýtur góðs af og byggir undir frekari verðmætasköpun og samkeppnishæfni allra landshluta,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir varaformaður Sjálfstæðisflokksins og fjármála- og efnahagsráðherra um þá fyrirætlan Landsbanka Íslands að kaupa TM. Þá segir hún að kröftum ríkisins sé betur borgið í öðrum fjárfestingum en tryggingastarfsemi sem enginn hafi kallað eftir að sé í ríkisrekstri.

Hún bendir á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sé kveðið á um að stjórnvöld muni halda áfram að draga úr eignarhaldi ríkisins í fjármálakerfinu og nýta fjármuni sem liggja í slíkum rekstri í uppbyggingu innviða.

[Sjá nánar hér](#)



Óboðleg vinnubrögð

26 oddvitar Sjálfstæðisflokksins í sveitarfélögum um allt land gagnrýndu formann Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir að fara gegn vilja sveitarfélaganna í gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í grein í Morgunblaðinu 14. mars sl.

Meginkrafan á sveitarfélögin hefði frá upphafi snúið að hóflegum gjaldskrárhækkunum, sem sveitarfélögin hefðu ætlað að bregðast við en hugmyndir um gjaldfrjálsar skólamáltíðir hefðu fyrst verið kynntar á fundi í lok febrúar stuttu áður en kjarasamningar voru undirritaðir. Um það bil 50 fulltrúar sveitarfélaga hefðu verið viðstaddir umræddan fund og það komið flestum á óvart að sveitarfélögin væru allt í einu orðin lykilbreyta í kjaraviðræðum með þessum hætti og andstaðan á fundinum verið nær einróma og ekki einskorðuð við Sjálfstæðisflokk.

„Því var treyst að formaður myndi starfa samkvæmt eindregnum vilja sveitastjórna og bókun stjórnar og myndi upplýsa aðila vinnumarkaðarins og forsætisráðherra um afstöðuna með skýrum hætti. Ljóst er að svo var ekki,“ segja oddvitarir.

[Sjá nánar hér](#)



Halldór Blöndal lét af forystu í SES

Fullt var út úr dyrum í Valhöll á aðalfundi Samtaka eldri sjálfstæðismanna þann 6. mars, þeim síðasta undir stjórn Halldórs Blöndal sem kjörinn var formaður SES 2. desember 2009 og gegndi því formennsku í vel á hálfan annan áratug.

Óhætt er að segja að Halldór hafi tileinkað sjálfstæðisstefnunni líf sitt. Hann sat sinn fyrsta þingflokksfund Sjálfstæðisflokksins árið 1960 sem þingfréttaritari og sinn síðasta mánudaginn 4. mars sl. sem formaður SES. Hann sat því þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins nær óslitið í 64 ár.

Þórdís Kolbrún Reyk fjörð Gylfadóttir varaformaður Sjálfstæðisflokksins flutti Halldóri þakkarorð fyrir hönd forystu Sjálfstæðisflokksins og færði honum blómvönd.

[Sjá nánar hér](#)



Sjálfstæðismenn í meirihluta í Fjarðabyggð

„Við byrjum strax á því að stíga fyrstu skrefin í að styrkja fjárhagslegra sjálfbærni sveitarfélagsins og fækkum nefndum og nefndarfólki í samræmi við stjórnskipulag sveitarfélagsins. Þetta er sterkur meirihluti sem hefur alla burði til að koma á festu svo að Fjarðabyggð geti áfram eflst og dafnað. Í sveitarfélaginu er atvinnulíf nú þegar öflugt en um leið tækifæri til frekari verðmætasköpunar,“ segir Ragnar Sigurðsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Fjarðabyggð sem nýverið myndaði nýjan meirihluta með Framsóknarflokknum.

Í málefnasamningi nýs meirihluta kemur fram að horft verði til þess að efla samvinnu og samstarf þvert á byggðakjarna og styrkja fjárhagslega sjálfbærni þeirra svo Fjarðabyggð geti áfram dafnað.

[Sjá nánar hér](#)



Hægt verði að afturkalla dvalarleyfi þeirra sem brjóti af sér

„Við sem samfélag gerum að sjálfsögðu þá kröfu að þeir sem búa hér á landi fari eftir íslenskum lögum. Þá gildir einu hvort um sé að ræða Íslendinga eða aðra sem hingað hafa flust. Það er frumskylda stjórnvalda að tryggja öryggi borgaranna. Á hinum Norðurlöndunum má finna ákvæði sem heimilar afturköllun verndar þegar flóttamaður hefur gerst sekur um alvarlegan glæp og hann ógni þjóðaröryggi og allsherjarreglu í landinu,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra sem hyggst leggja fram frumvarp til breytinga á lögum sem heimili afturköllun á dvalarleyfi fólks með alþjóðlega vernd sem brjóti af sér hér á landi.

[Sjá nánar hér](#)



Hagræðing á ferlum og kerfum stærsta áherslumálið

Áfram er unnið að hagræðingar- og einföldunarmálum í umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytinu.

Í vikunni lagði Guðlaugur Þór Þórðarson fram síðasta frumvarpið af þremur er varða sameiningu stofnana ráðuneytisins þar sem til stendur að sameina átta stofnanir í þrjár. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar verður sameinuð Háskólanum á Akureyri og átta aðrar stofnanir verða að þremur stærri og öflugri stofnunum.

Guðlaugur mælti einnig fyrir nýju vindorkufrumvarpi í vikunni. Þar er lagt til að vindorka heyri áfram undir rammaáætlun en gerðar verði breytingar á lögunum sökum sérstöðu vindorkunnar. Standist vindorkukostir ákveðnar forsendur geta þeir fengið flýtimeðferð í rammaáætlun. Nýtt fyrirkomulag mun einfalda ferli grænnar orkuöflunar svo um munar.

Þá lagði Guðlaugur einnig fram frumvarp um sameiningu loftslags- og orkusjóðs með það fyrir augum að einfalda stjórnsýslu í kringum styrktarsjóði ráðuneytisins.

Einföldun á öllum ferlum og kerfum er áfram stærsta áherslumálið í ráðuneytinu.



Aukin verðmætasköpun mikilvæg

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra flutti erindi á lönþingi í Silfurbergi í Hörpu þann 7. mars sl., sem sjá má í heild sinni hér að neðan.

Í erindi sínu ræddi Áslaug Arna m.a. um íslensk hugvitsfyrirtæki sem vaxi og dafni og komi úr hinum ýmsu áttum en að enn séu hindranir í veginum. Um mitt ár 2023 hafi tekjur í geiranum hætt að vaxa og farið að standa í stað. Á síðustu tveimur mánuðum hafi það svo gerst að þær hafi hætt að standa í stað og þess í stað byrjað að lækka. Sagði hún gróflega áætlað að þar sé um að ræða mismun upp á 15 milljarða króna. Segist hún taka þeirri stöðu alvarlega enda verðmætasköpun í nýjum atvinnugreinum mikilvæg ætlum við að búa við sömu og betri lífskjör til framtíðar. Huga þurfi að samkeppnishæfni okkar í tækni, orku og mannaúði. Hægt sé að minnka báknið með aukinni notkun gervigreindar.



Þar þurfum við að vera á tánum ef við ætlum ekki að heltast úr lestinni.



Þórhallur endurkjörinn formaður

Aðalfundur Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi var haldinn á Akureyri laugardaginn 9. mars.

Þórhallur Harðarson var endurkjörinn formaður kjördæmisráðs.

Vilhjálmur Árnason ritari Sjálfstæðisflokksins stýrði fundinum, en Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir varaformaður Sjálfstæðisflokksins og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ávörpuðu fundinn.

[Sjá nánar hér](#)



Albert Guðmundsson nýr formaður

Albert Guðmundsson, lögfræðingur, f.v. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins og f.v. formaður Heimdallar, var hinn 9. mars kjörinn formaður Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Albert tekur við af Agli Þór Jónssyni, varaborgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins stýrði fundi.

Á fundinum var samþykkt stjórn málaályktun og ályktanir um útlendingamál.

[Sjá nánar hér](#)

Styrktu flokkinn!

Stjórn málaflokka verða ekki reknir á hugsjóninni einni. Stjórn málabaráttan kostar beinharða peninga en stjórn málasamtök hafa afar takmörkuð tækifæri til tekjuöflunar. Sjálfstæðisflokkurinn nýtur þess, umfram aðra íslenska stjórn málaflokka, að vera breiður og fjölmennur flokkur þar sem tugþúsundir einstaklinga um allt land leggja sitt af mörkum. Hjá sjálfstæðisflokknum munar mestu um framlög flokksmanna sjálfra.

Gerast styrktarmaður!

Styrktu flokkinn!



Sjálfstæðisflokkurinn

Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík
Iceland

[Eyrirvari](#)

Tölvupóstur þessi er sendur skráðum félagsmönnum í samræmi við ákvæði laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka. Vinsamlegast athugið að tölvupóstur þessi og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Pósturinn er sendur út af póstlista Sjálfstæðisflokksins.

[Viltu ekki fá póst eins og þennan? Þú getur afskráð þig með því að fara á \[xd.is\]\(#\) - mínar síður.](#)

